

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. mars 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-78/2019.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 12. desember 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þvottavél af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að þvottavélin hafi verið haldin galla og krefst þess að seljandi greiði viðgerðarkostnað.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 10. janúar 2020, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 11. febrúar 2020, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á Samsung þvottavél af seljanda þann 27. júlí 2016 fyrir 69.995 krónur. Þvottavélin bilaði árið 2019 og greiddi álitsbeiðandi 23.413 krónur í viðgerðarkostnað samkvæmt framlögðum reikningi verkstæðis, dags. 29. nóvember 2019. Á verkstæðinu var skipt um reim í þvottavélinni og gert við móturfestingar. Álitsbeiðandi telur að þvottavélin hafi verið haldin galla og krefst þess að seljanda verði gert að greiða viðgerðarkostnaðinn.

### IV

#### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi Samsung þvottavél af seljanda þann 27. júlí 2016 fyrir 69.995 krónur. Af gögnum málsins verður ráðið að þvottavélin hafi bilað í nóvember árið 2019, um þremur árum og fjórum mánuðum eftir kaupin.

Í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) segir:

*„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka.“*

Þar sem ljóst er að tveggja ára frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla er liðinn þarf að meta hvort umrædd þvottavél sé söluhlutur sem „er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ í skilningi framangreindrar 2. mgr. 27. gr. Í skýringum við ákvæðið, sem fylgdu með frumvarpi til nkpl. segir m.a. um þetta atriði að líta þurfi til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafi ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma sem endurspeglast meðal annars í verði söluhluta.

Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er tekið fram að rétt sé að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Alla jafna má telja að neytendur geti haft væntingar til þess að þvottavél sem keypt er á eðlilegu verði endist í töluverðan tíma. Í framanröktum skýringum er gefin sú leiðbeining að vafi um endingartíma eigi að hafa það í för með sér að vara verði felld undir fimm ára regluna frekar en tveggja ára. Telur kærufndin því að ganga megi út frá því að álitsbeiðandi hafi getað kvartað undan galla á umræddri þvottavél í fimm ár frá því kaupin fóru fram. Kvartaði álitsbeiðandi því undan galla á þvottavélinni í tæka tíð í skilningi 2. mgr. 27. gr. laganna. Rétt er að benda á að þessi niðurstaða er í samræmi við eldri álit kærufndarinnar um fresti til að bera fyrir sig galla á þvottavélum.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir svo að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir:

*„Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmt eðli gallans eða vörunnar. [...]"*

Samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að þvottavélin hafi ekki verið haldinn galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin um galla yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Álitsbeiðandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að þvottavélin hafi verið haldin galla við kaupin þann 27. júlí 2016. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að framleiðslugalli hafi valdið því að skipta varð um reim í þvottavélinni og gera við mótorfestingar rúmlega þremur árum eftir kaupin. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

## V

### Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson